

## **Aðalfundur Hundaræktarfélag Íslands var haldinn miðvikudaginn 31. maí 2017 og hófst kl. 20.17.**

Stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar í félaginu sem haldinn var á Hótel Cabin 7. hæð, Borgartúni 32, 105 Reykjavík og hófst kl. 20:17.

Herdís Hallmarsdóttir formaður félagsins setti fundinn kl. 20.17 og skipaði fundarstjóra og fundarritara og var skipan þeirra samþykkt með lófataki. Herdís lýsti yfir að þau mistök hefðu orðið að gleymst hefði að auglýsa fundinn í dagblaði. Þaðst hún velvirðingar á þessum mistökum. Herdís minntist á að starf félagsins byggist á sjálfboðavinnu og mikilvægt væri að sýna virðingu og kurteisi, einnig þegar erfiðleikar kæmu upp. Þetta ætti t.d. sérstaklega við um umræðu á Netinu. Stjórn færi með málefni félagsins á milli félagsfunda en sækti umboð sitt til félagsfunda. Ef grunur vaknaði um brot gegn félaginu bæri stjórn skylda til að tryggja að brotið haldi ekki áfram. Einnig væri mikilvægt að reyna að ná sátt, sem yfirleitt væri besta leiðin fram á við. Herdís kvaðst vonast til að sátt næðist innan félagsins svo að hægt væri að halda áfram góðu starfi.

Breytingar á reglum varðandi hundahald væru mikilvægar og væri mikilvægt að félagið legði sín lóð á vogarskálar varðandi þær. Húsnæðismál væru í óvissu og einnig væri óvíst með áframhaldandi pláss hjá Gæludýr.is. Herdís minnti á að alltaf væri hægt að hafa samband við stjórn félagsins í gegnum netfangið [stjorn@hrfi.is](mailto:stjorn@hrfi.is).

### **Dagskrá:**

#### **1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað**

Ari Karlsson var fundarstjóri og Guðrún Margrét Baldursdóttir var fundarritari. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins og í Fréttablaðinu 19. maí sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin um öll dagskráratriði og gætu áhugasamir fundarmenn skráð sig undir viðeigandi liðum á mælendaskrá hjá fundarritara. Mælendaskrá væri opnuð eftir hvern lið og myndi fundarstjóri tilkynna hvenær mælendaskrá væri lokað um hvern dagskrárlið.

Fundarstjóra barst skrifleg ábending frá nokkrum félagsmönnum um lögmæti fundarins. Eftir lestur ábendingarinnar ráðfærði fundarstjóri sig við stjórn og lýsti því yfir að ábendingin varðaði það að þeim sem hefði verið boðin félagsaðild án gjalds í eitt ár hefðu ekki kosningarétt á fundinum skv. 5. gr. a, sem kveður á um að viðkomandi aðilar hefðu þurft að greiða félagsgjald. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt og úrskurðaði svo að samþykkt félagsins um að bjóða viðkomandi félagsmönnum aðild án greiðslu félagsgjalda til eins árs jafngilti því að þeir hefðu greitt félagsgjald og uppfylltu því viðkomandi félagar skilyrði 5. gr. a laga félagsins og hefðu atkvæðisrétt. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan. Ábendingin fylgir fundargerð þessari sem viðauki 1 við fundargerð þess.

#### **2. Skýrsla stjórnar HRFÍ**

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari stjórnar flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt í heild sinni á netinu en helstu punktar fara hér á eftir:

Ársskýrsla birt 12. maí í tengslum við utankjörfundaratkvæðagreiðslu  
Stjórn skipuðu á síðasta ári:  
Herdís Hallmarsdóttir, formaður  
Daníel Örn Hinriksson, varaformaður  
Þorsteinn Thorsteinson, gjaldkeri

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari  
Pétur Alan Guðmundsson, meðstjórnandi  
Guðbjörg Guðmundsdóttir, varamaður  
Brynja Tomer, varamaður

#### Skrifstofa félagsins:

Annasamt ár og mörg erfið mál á borði stjórnar  
Þó nokkrar mannabreytingar á skrifstofu félagsins  
Í dag starfa á skrifstofunni Guðný Rut Isaksen, verkefnastjóri og Erna Sigríður Ómarsdóttir  
Talsverðum tíma hefur verið eytt í endurskoðun rekstrar og verkferla á skrifstofu

#### Starf félagsins:

Ættbókarskráningum fjölgaði um 18%  
Gotum fjölgaði um 15%  
Innfluttum hundum fjölgaði um 21%  
Félagsmönnum fjölgaði um 1145 eða 37%  
Aðgerðir stjórnar til að fjölga félagsmönnum hafa skilað sér í aukningu félagsmanna:  
- 2015 voru félagsmenn 1916  
- 2016 voru félagsmenn 3061  
- 2017 voru félagsmenn 3055

#### Sýningar:

Fækkun á sýndum hundum um 31% sem má rekja til færri sýninga 2016 en 2015  
Átak í kynningu á sýningum félagsins, til dæmis kynningarmyndbönd sem fengu mikið áhorf og dreifingu  
Fleiri hvolpar sýndir á sýningum árið 2016 en 2015 – áhorfendum á hvolpasýningum fjölgar  
Nýir titlar: Ungliðameistari, öldungameistari, norðurljósameistari  
Sérstök þemu á sýningum félagsins = markvissara kynningarstarf  
Bein útsending af sýningu í mars  
Styrktarsamningar í skoðun

#### Vinnupróf:

13 hlýðnipróf – 93 skráningar (17% aukning)  
Vinnuhundadeild endurvakin með nýrri stjórn  
Retrieverdeild: Þrjú hlýðnipróf – 22 skráningar  
Reglur um sérstök vinnupróf fyrir Retriever-hunda samþykktar

#### Veiðipróf:

8% fækkun skráninga  
Tegundahópur 7: Átta veiðipróf – 260 skráningar  
Retrieverdeild: 11 veiðipróf – 121 skráning  
Opið veiðipróf fyrir fuglahunda af meginlandskyni  
Eftir er að vinna og samþykkja reglur fyrir meginlandshundapróf  
Heimsmeistaramót standandi fuglahunda í Danmörku – fulltrúi Íslands var Bergþór Antonsson  
Siða- og verklagsreglur fyrir íslenska fuglahundadómara tóku gildi í janúar 2017

Sýninga- og fuglahundadómarar

Á þessu starfsári viðurkenni félagið einn nýjan sýningadómara  
Nýjar reglur um sýningadómaranám samþykktar  
Próf á nýjar tegundir hjá starfandi dómurum haldin í fyrsta sinn hjá félaginu  
Vinna við að þýða og staðfæra reglur um nám fuglahundadómara er í gangi  
Einn nemi er í fuglahundadómaranámi í tegundahópi 8

Sámur og litli Sámur:

Félagsblaðið Sámur kom tvisvar út á árinu  
Ritstjóri er Klara Símonardóttir  
Litli Sámur er gefinn út mánaðarlega með upplýsingum frá skrifstofu og deildum félagsins

Ræktunarmarkmið íslenska fjárhundsins:

Endurskoðun ræktunarmarkmiðs hefur verið í gangi í rúm tíu ár  
Fjölmargir hafa komið að vinnunni  
DÍF mun með stuðningi stjórnar HRFÍ halda kynningu fyrir ræktendur íslenska fjárhundsins

Húsnæðismál:

Skoðanakönnun: Meirihluti félagsmanna taldi að húsnæði félagsins ætti að hafa aðstöðu fyrir skrifstofu, fundaraðstöðu og aðstöðu þar sem hægt væri að halda æfingar, keppnir og litlar sýningar  
Stjórn sendi formlegt erindi til Reykjavíkurborgar á starfsárinu og var boðuð á fund með fulltrúum borgarinnar  
Þetta er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiriháttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um

Stjórn þakkar þeim sem hafa stutt við starfið á liðnu ári.

**Fundarstjóri þakkaði Auði Sif fyrir framsöguna og lýsti því yfir að einn aðili hefði skráð sig á mælendaskrá, Ragnhildur Gísladóttir.**

**Ragnhildur Gísladóttir** kom að fundarborði og afhenti yfirlýsingu frá fyrrum framkvæmdarstjóra félagsins og bað um að fundarstjóri myndi lesa upp yfirlýsinguna. Fundarstjóri varð við því og las upp yfirlýsingun. Fylgir yfirlýsingin fundargerð þessari sem viðauki 2

Fundarstjóri bauð stjórnarmönnum að bregðast við yfirlýsingunni og steig Herdís Hallmarsdóttir í pontu.

**Herdís** kvað stjórn ekki hafa heimildir til að sleppa því að bregðast við hlutum sem ekki væru í lagi, m.a. varðandi fjármál félagsins. Ágreiningurinn sem eftir stæði væru deilur um orlofsgreiðslur. Komið hefði í ljós að greidd laun hefðu ekki verið í samræmi við skil á staðgreiðslu til RSK. Enginn vafi væri á því að vinnan hefði verið unnin en eftir samráð hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að greiða ætti af þessum greiðslum launatengd gjöld þar sem ekki gengi að starfsmaður væri launamaður einn mánuð

og verktaki annan mánuð. Varðandi fyrirframgreidd laun hefði því máli verið lokið með endurgreiðslu. Svona væri málum einfaldlega háttað.

**Kjartan Antonsson** steig í pontu og lýsti því yfir að hann væri dapur yfir því sem gerst hefði í starfsmannamálum félagsins. Ekkert annað hefði komist að í heilt ár og einnig hefði þurft að minnast á þessi mál í fundargerðum og ársskýrslu félagsins. Útskýringar formanns félagsins væru ómaklegar og hana hefði tekið niður við þær útskýringar sem enginn botnaði í. Ef einhver brjóti af sér í starfi eigi að fara með það að lögum en ekki að fjalla um málið opinberlega áður en því er lokið. Félagið væri áhugamannafélag um hundarækt og ætti að halda sér við það.

**Stefanía H. Sigurðardóttir** steig í pontu og lýsti því yfir að hún hefði upplifað það svo að vegið hefði verið að æru hennar sem fyrrverandi starfsmanns á skrifstofu með ummælum í skýrslu stjórnar og fundargerðum þar sem viðkomandi “fyrrverandi starfsmaður” væri ekki nafngreindur.

**Fundarstjóri þakkaði mælendum fyrir.**

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

**Fundarstjóri bauð Þorstein Thorsteinsson, gjaldkera stjórnar, í pontu til þess að fara yfir reikninga félagsins.**

Þorsteinn Thorsteinsson fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar.

Markaðsátak með því að gefa félagsaðild fyrsta árið hafi skilað árangri.

Aðrar rekstrartekjur – miðasala á sýningum. Lækkun á liðnum skýrist að hluta með því að tiltekt hafi gerð frá fyrri árum og fært undir þennan lið á árinu 2015.

Fleiri stöðugildi árið 2016 en árið 2015 auk launahækkana.

Markvisst reynt að vinna í því að lækka kostnað vegna dómara.

Ýmsir þættir í starfsemi: koma allir út í hagnaði en jafnframt fylgir öllum þessum liðum kostnaður vegna aukinnar vinnu á skrifstofu, sem ekki er bókfærður sérstaklega.

**Fundarstjóri þakkaði Þorsteini fyrir kynninguna. Ársreikningarnir hafa verið birtir á heimasíðu félagsins og einnig var þeim dreift á fundinum. Fundarstjóri lýsti eftir mælendum á mælendaskrá vegna þessa liðar.**

Ragnar Sigurjónsson steig í pontu og lýsti eftir upplýsingum um sýningartjöld á vegum félagsins.

Þorsteinn steig í pontu og sagði frá því að HRFÍ hefði fengið að panta sýningartjöld í samvinnu við danska hundaræktarfélagið. Þau væru auglýst á heimasíðu og Facebook síðu félagsins.

**Fundarstjóri lagði reikninga félagsins fyrir árið 2016 fyrir fundinn og voru þeir samþykktir samhljóða með handaruppréttingu.**

### **4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar**

Kristín Sveinbjarnardóttir steig í pontu og flutti skýrslu síðanefndar. Hún hóf mál sitt á að þakka Önnu Maríu Flygenring fyrir störf fyrir nefndina.

Frá síðasta aðalfundi í maí 2016 og til dagsins í dag hefur nefndin fundað 8 sinnum. Á árinu 2016 bárust nefndinni 37 mál og það sem af er árinu 2017 eru málin orðin 17. Öllum málum frá 2016 er lokið. Úrskurðað var í 31 málum, eitt mál var ekki tækt vegna skorts á gögnum og 5 mál voru felld niður.

**Fundarstjóri lýsti eftir mælendum á mælendaskrá um skýrslu síðanefndar en enginn óskaði eftir orðinu.**

## **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil**

Guðný Rut Isakssen verkefnastjóri kynnti áætlunina

Aukin aðsókn á sýningar, gert ráð fyrir að launakostnaður muni eitthvað lækka. Vonast eftir talsverðri aukningu í tekjum.

**Fundarstjóri lýsti eftir mælendum á mælendaskrá um starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar en enginn tók til máls.**

**Fundarstjóri lagði áætlunina undir fundinn til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða með handaruppréttingu.**

## **6. Lagabreytingar**

Herdís Hallmarsdóttir steig í pontu og kynnti lagabreytingatillögur stjórnar.

**Tillögur að lagabreytingum frá stjórn HRFÍ:**

### **a) d-liður 11. gr**

**Núverandi:**

d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðanda fyrir lok janúar ár hvert

**Verður:**

d) liður 11. gr. hljóði svo:

„d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðanda fyrir lok mars ár hvert.“

Í samræmi við framkvæmd á uppgjöri sem er í gangi í dag.

**Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um breytingatillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls**

**Tillagan var samþykkt samhljóða með handaruppréttingu**

Herdís Hallmarsdóttir kynnti breytingartillögur er snúa að ræktunardeildum félagsins. Verið að samræma reglur um það hvað þurfi til að stofna og leggja niður ræktunardeildir.

### **b) VII. Ræktunardeildir**

1. Gerð tillaga um að áréttað sé að ræktunardeild verði sett á stofn með samþykki félagsfundar. – breyting á 19. gr.
2. Lagt er til að áður en ræktunardeild er stofnuð skuli kallað eftir sjónarmiðum félagsmanna. – breyting á 21. gr.
3. Lagt er til að lögfesta það verklag sem viðgengst hefur að stjórn kalli eftir greinargerð vísindanefndar án þess hún bindi hendur stjórnar eða félagsfundar. – breyting á 21. gr.
4. Lagt til að sama atkvæðavægi þurfi til stofnunar deildar eins og til að leggja niður ræktunardeild samkvæmt 23. gr. – breyting á 21. gr.
5. Gerð tillaga um að stjórn HRFÍ verði skylt að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki sinnt skyldum sínum um ársfund og gagnaskil þrjú ár í röð. – breyting á 23. gr.

#### **19. gr. núverandi:**

**19.** Heimilt er að stofna ræktunardeildir innan HRFÍ og skal verksvið þeirra vera eftirfarandi:

1. Að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.
2. Að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.
3. Að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni. Stjórn setur deildum og ræktunarstjórnnum þeirra starfsreglur. Gögn ræktunardeilda eru eign HRFÍ.

#### **19. gr. verði:**

19. gr. hljóði svo: „Heimilt er að stofna ræktunardeildir innan HRFÍ **í samræmi við reglur félagsins þar um og að fengnu samþykki félagsfundar, sbr. 21. gr. laga þessara.** Verksvið ræktunardeildar er eftirfarandi:

1. Að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.
2. Að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.
3. Að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni. Stjórn setur deildum og ræktunarstjórnnum þeirra starfsreglur “ Gögn ræktunardeilda eru eign HRFÍ.

#### **Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um tillöguna.**

**Björn Ólafsson** lýsti því yfir að ræktunardeildir ættu að halda utan um ræktunarmarkmið tegundar en það væri erfitt að sjá af hverju eigendur eða ræktendur annarra tegunda ættu að hafa eitthvað að segja um ræktunardeildir einstaka tegunda eða tegundahópa.

**Kjartan Antonsson** kom upp og sagðist hafa reynslu af stofnun tveggja ræktunardeilda. Sérstaklega hefðu verið erfið samskipti við stjórn félagsins vegna stofnunar deildar enska setans. Hann ítrekaði orð Björns um að erfitt væri að sjá af hverju eigendur annarra hundategunda ættu að hafa skoðanir á ræktunardeildum annarra tegunda. Kjartan gerði grein fyrir atkvæði sínu og sagðist segja nei við tillögunni þar sem verið væri að reisa girðingar.

**Soffía Kwasenko** kom upp og gerði athugasemdir við þann hluta 19. gr. sem sneri að því að ræktunarmarkmiðið væri viðurkennt af FCI en það sem máli skipti væri að ræktunarmarkmiðið væri viðurkennt af heimalandi tegundarinnar.

**Herdís Hallmarsdóttir** kom í pontu og sagði að það væru skilyrði að aðild að FCI að notast væri við ræktunarmarkmið samtakanna.

**Tillaga um breytingu á 19. gr. var borin undir atkvæði fundarins. Tillagan var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða með handaruppréttingu.**

**21. gr. núverandi:**

„Stjórn HRFÍ skal setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda í samráði við vísindaráð HRFÍ. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn **og vísindaráð HRFÍ** grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreindu, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Tillögu skal fylgja greinargerð stjórnar og vísindaráðs.

**21. gr. hljóði svo:**

„Stjórn HRFÍ skal setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreindu, **skal stjórn á vefsíðu félagsins kalla eftir sjónarmiðum um mögulega stofnun ræktunardeilda og skal að lágmarki veita tvær vikur til þess að skila inn athugasemdum. Að sama skapi skal liggja fyrir greinargerð vísindanefndar HRFÍ. Telji stjórn HRFÍ, að teknu tilliti til greinargerðar vísindanefndar, andmæla félagsmanna og deilda félagsins, grundvöll vera fyrir ræktunardeild, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Greinargerðir stjórnar og vísindanefndar ásamt framkomnum andmælum eða meðmælum sem bárust stjórn, skulu fylgja tillögu eða vera aðgengilegar fundarmönnum á heimasíðu félagsins. Til þess að stofna ræktunardeild, þarf 2/3 hluta atkvæða á félagsfundi.**“

**Tillaga um breytingu á 21. gr. var borin undir atkvæði fundarins. Tillagan var samþykkt með tilskyldum meirihluta með handaruppréttingum.**

**b-liður, 1. mgr. 23. gr. núverandi:**

„Ræktunardeild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna lítillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ. “

**b-liður, 1. mgr. 23. gr. verður:**

„Ræktunardeild sinnir ekki lögboðinni starfsemi vegna lítillar virkni og fárra meðlima að mati stjórnar HRFÍ. **Skylt er stjórn HRFÍ að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki í þrjú ár í röð haldið ársfund né skilað stjórn HRFÍ gögnum skv. 22. gr. laga þessara**“.

**Tillaga um breytingu á b-lið 1. mgr. 23. gr. var borin undir atkvæði fundarins og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.**

### **c) Úrskurðarnefnd vegna ágreinings um viðskipti með ættbókarfærða hunda**

- Innan félagsins hefur ekki verið vettvangur fyrir að greiða úr ágreiningi vegna viðskipta með hunda
- Skiptir verulegu máli fyrir orðspor félagsins að viðskipti ræktenda séu til samræmis við góða og eðlilega viðskiptahætti sem og grundvallargildi HRFÍ.
- Í ákvæðinu felast nýmæli um að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd vegna viðskipta með hunda sem hafa verið ættbókarfærðir hjá félaginu. Gert að danskri fyrirmynd.
- Lagt er til að úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar verði bindandi fyrir félagsmenn HRFÍ. Hlíti félagsmaður ekki úrskurði kæruneftdarinnar getur það leitt til þess að því máli verði skotið til meðferðar síðanefndar félagsins.
- Að síðustu skal áréttað að félagsmenn hafa alltaf rétt til að skjóta máli til úrlausnar dómstóla.

Við lögina bætist nýr kafli og eftirfarandi lagagrein svohljóðandi:

### **„X. kafli Úrskurðarnefnd vegna ágreinings um viðskipti með ættbókarfærða hunda og umboðsmaður félagsmanna**

#### **29. gr.**

Innan HRFÍ skal starfa úrskurðarnefnd sem fjallar um ágreining vegna viðskipta með hunda sem ættbókarfærðir hafa verið hjá félaginu. Til úrskurðarneftdarinnar má skjóta sérhverjum ágreiningi sem upp kann að rísa vegna viðskipta með ættbókarfærða hunda að því gefnu að kaupandi og seljandi séu báðir félagsmenn í HRFÍ þegar kvörtun berst til nefndarinnar.

Stjórn HRFÍ skal ákveða fjölda nefndarmanna og setja henni málsmeðferðarreglur þar með talið hvort greiða skuli sérstakt kærugjald vegna meðferðar mála fyrir nefndinni. Stjórn HRFÍ skipar nefndarmenn en þó skal ávallt einn nefndarmaður uppfylla það skilyrði að hafa lokið meistaraþrófi í lögfræði.

Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi fyrir félagsmenn HRFÍ.“

#### **Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um tillöguna.**

**Björn Ólafsson** kvað hluti ekki endilega vera góða þótt þeir væru gerðir í Danmörku. Hundar væru lausafé, neytendalöggjöf væri í landinu og væri hægt að leita réttar síns fyrir dómstólum. Hann sæi ekki þörf á einni aukaneftnd í viðbót. Björn óskaði eftir skriflegri atkvæðagreiðslu

**Jónas Fr. Jónsson formaður laganeftdar** steig í pontu og benti á að dómstólameftferð væri kostnaðarsöm, þetta væru ekki endilega stór mál. Einnig væru hundar ekki venjulegt lausafé í þeim skilningi, hann hugsaði öðru vísi um hundinn sinn en bílinn sinn. Ef óánægja yrði með nefndina gætu félagsmenn alltaf skipt henni út.

Fundarstjóri lýsti því yfir að atkvæðagreiðsla yrði skrifleg. Atkvæði yrðu greidd á fjólubláa miða, þeir sem samþykkir eru skrifi “já” en andvígir skrifi “nei”. Safnað var saman atkvæðum kl. 22.19 og gert hlé á fundinum á meðan atkvæði voru talin.



Fundinum var fram haldið kl. 22.30. Fundarstjóri lýsti yfir niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Auðir og ógildir 6, já sögðu 98, nei sögðu 57. 2/3 hluti fundarmanna þurfti að greiða tillögunni jáyrði og náðist það ekki þar sem það hefði þurft 103 atkvæði.

#### d) Umboðsmaður félagsmanna

- Hlutverk umboðsmanns er að vera hagsmunagæsluáðili allra félagsmanna og standa vörð um að ekki sé gengið á rétt þeirra sem varinn er í lögum HRFÍ og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.
- Umboðsmaður er skipaður til tveggja ára.
- Umboðsmaður getur hvort sem er tekið við ábendingum frá félagsmanni ellegar getur hann aðhafst af eigin frumkvæði ef hann telur ástæðu til.
- Umboðsmaður fer ekki með agavald innan félagsins enda hefur siðanefnd eitt vald til að úrskurða um hvort um sé að ræða brot og beita viðurlögum samkvæmt 27. gr og 28. gr. laga HRFÍ. Þegar Umboðsmaður kærir mál verður hann aðili að málinu sem kærandi.

Lagt er til að við lög HRFÍ bætist ný grein um umboðsmann félagsmanna og verði svohljóðandi

#### 30. gr.

Umboðsmaður félagsmanna er skipaður af stjórn til tveggja ára í senn.

Hlutverk umboðsmanns félagsmanna er að gæta að rétti félagsmanna samkvæmt lögum HRFÍ og grundvallarreglum fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ).

Umboðsmaður tekur við ábendingum eða tekur mál upp að eigin frumkvæði, telji hann tilefni til. Umboðsmanni ber að gæta nafnleyndar þeirra sem til hans leita, sé þess óskað.

Ef umboðsmaður telur tilefni til á hann samskipti við þann félagsmann eða fulltrúa stjórnarstofnunar félagsins sem hann telur hafa gengið á rétt félagsmanns. Ef brot er alvarlegt eða ítrekað, er umboðsmanni heimilt að kæra félagsmann til siðanefndar HRFÍ. Kemur umboðsmaður fram við meðferð máls hjá siðanefnd enda nýtur sá er til hans leitar nafnleyndar.

**Fundarstjóri lýsti yfir að stjórn hefði dregið lagabreytingatillöguna til baka.**

#### e) Tillaga að lagabreytingu frá Vorsteh deild:

##### Tillaga að lagabreytingum frá Vorsteh deild:

Flutningsmenn eru; Díana Sigurfinnsdóttir, Gunnar Pétur Róbertsson, Lárus Eggertsson, Guðmundur Pétursson, Guðni Stefánsson, Sigurður A. Vilhjálmsson.

##### Grein IV. liður 10, stjórn félagsins verður:

**10.** Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára fyrir þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á sama tíma. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. **Félagsmenn geta ekki setið í stjórn HRFÍ og stjórn deilda á sama tíma, hvorki sem aðalmenn né varamenn.** Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu ekki vera á launaskrá hjá félaginu. Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda skulu tilkynnt á heimasíðu félagsins 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl. Aðalfundur er kjörfundur stjórnarkjörs en kosning utan kjörfundar skal fara fram á skrifstofu

félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund í a.m.k. fjórar klukkustundir á hverjum degi. Stjórn félagsins skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn sem annast skal framkvæmd stjórnarkjörs og úrskurða um vafaatriði. Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður kjörstjórnar. Stjórn félagsins skal, að fengnu álit kjörstjórnar, gefa út nánari reglur um kjörgögn og fyrirkomulag kosninga og kynna á heimasíðu félagsins eigi síðar en 15. mars ár hvert.

#### **Fundarstjóri kynnti mælanda á mælendaskrá um breytingartillögu Vorsteh deildar,**

**Díana Sigurfinnsdóttir** sagði ástæðu þeirra sem leggja til lagabreytingartillöguna vera að núverandi fyrirkomulag geti haft í för með sér hagsmunaárekstra.

**Auður Sif Sigurgeirsdóttir** lýsti sig andvíga lagabreytingartillögunni. Það væri þrátt fyrir allt erfitt að fá fólk til starfa í því áhugamannafélagi sem HRFÍ væri. Einnig þyrftu þeir sem sætu í stjórn deildar að ganga úr þeirri stjórn ef þeir væru kosnir í stjórn félagsins á aðalfundi og þá vantaði í stjórn deildarinnar það sem eftir væri tímabilsins.

**Kjartan Antonsson** tók til máls og benti á að ætlast væri til að þeir sem sætu í stjórnnum deilda kláruðu sitt kjörtímabil en gætu síðan ekki haldið áfram ef viðkomandi tæki sæti í stjórn HRFÍ. Tvímælalaust væri að hagsmunaárekstrar gætu orðið.

**Auður Sif** tók til máls og benti á að í gildi væru hæfisreglur hjá félaginu og einnig væru varamenn í stjórn til staðar ef um hagsmunaárekstra væri að ræða.

**Fundarstjóri las upp breytingartillöguna og bar hana undir atkvæði fundarins. Greidd voru atkvæði með handaruppréttingum og var tillagan felld með meirihluta atkvæða.**

#### **7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10. gr.**

Kosningarétt og kjörgengi á fundinum hafa þeir sem borgað hafa félagsgjald sitt fyrir 2017, að lágmarki fimm virkum dögum fyrir fundinn. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2017 voru sendir til félagsmanna í byrjun janúar.

**Úr stjórn ganga:** Daníel Örn Hilmarsson og Pétur Alan Guðmundsson sem meðstjórnendur og Brynja Tomer sem varamaður þeirra.

**Í framboði til formanns HRFÍ er:**

**Herdís Hallmarsdóttir**

Fundarstjóri lýsti því yfir að Herdís væri sjálfkjörin þar sem hún væri ein í framboði. Var kjöri Herdísar fagnað með lófataki.

Damian Krawczuk kom að fundarborði og tilkynnti að hann drægi framboð sitt í aðalstjórn til baka og varð fundarstjóri við því.

**Í framboði til embættis tveggja meðstjórnenda til tveggja ára eru:**

Daníel Örn Hinriksson

Kjartan Antonsson

Pétur Alan Guðmundsson

Viktoría Jensdóttir

**Í framboði til embættis eins varamanns til tveggja ára eru:**

Damian Krawczuk

Kjartan Antonsson

Viktoría Jensdóttir

Þórdís Björg Björgvinsdóttir

**Fundarstjóri bauð frambjóðendum að taka til máls og kynna sig í stuttu máli.**

**Daníel Örn Hinriksson** steig í pontu og lýsti því yfir að hann hefði áhuga á að klára tiltekin mál sem unnið hefði verið að.

**Kjartan Antonsson** steig í pontu sagði ástæðu framboðs síns vera einfalda. Hann hefði verið í félaginu í 18 ár og komið mikið að starfinu í gegnum árin. Honum fyndist að hægt væri að gera betur en gert hefði verið fram að þessu. Kjartan kvaðst hafa áhuga á að klára mál eins og tölvumál og húsnæðismál, sem tekin væru upp á hverjum aðalfundi. Allir hefðu áhuga á að vinna með hundana sína. Stjórnarmaður ætti að vinna með félagsmönnum, við værum öll í sama liði.

**Þorsteinn Thorsteinson** steig í pontu og las upp kynningu fyrir Pétur Alan Guðmundsson. Kom fram að hann ætti standandi fuglahunda en hefði áhuga á að vinna fyrir alla félagsmenn. Hann sagði mistök í skipulagningu vera ástæðu fyrir fjarveru sinni á fundinum. Vinnan í stjórn hefði verið krefjandi og erfið en mjög gefandi. Samvinnan hjá stjórn hefði gengið vel og markmiðið væri það sama hjá öllum, gott félag.

**Viktoría Jensdóttir** sagðist hafa verið í hundum síðan hún var 12 ára. Hún væri orðin sýningardómari í dag. Hún kvaðst vilja leggja áherslu á að hætt yrði að fara í manninn en unnið að málefnum í staðinn.

**Fundarstjóri þakkaði frambjóðendum. Framboð þeirra uppfylla skilyrði laga félagsins. Gengið var til atkvæðagreiðslu um aðalmenn í stjórn kl. 22.45 og fundarmenn fengu kaffihlé á meðan atkvæði voru talin.**

**Fundi var fram haldið kl. 23.34.**

Fundarstjóri lýsti talningu atkvæða lokið. Hann kvað 163 atkvæði hafa verið greidd á fundinum og 89 utan kjörfundar, eða alls 252 atkvæði greidd. Atkvæði fóru þannig að:

Daníel Örn Hinriksson 171

Kjartan Antonsson 79

Pétur Alan Magnússon 161

Viktoría Jensdóttir 84

**Fundarstjóri lýsti því yfir að Daníel Örn og Pétur Alan væru réttkjörnir aðalmenn í stjórn HRFÍ til næstu tveggja ára og var kosningu þeirra fagnað með lófataki.**

Fundarstjóri tilkynnti að Þórdís Björg Björgvinsdóttir hefði dregið framboð sitt sem varamanns til baka.

**Damian Krawczuk** steig í pontu og kynnti sig. Hann sagði ástæðu fyrir framboði sínu vera þá að hann hefði mikinn áhuga á starfsemi félagsins og vildi vinna fyrir hunda og hundaeigendur.

**Kosning til varamanns í stjórn fór fram og var atkvæðum safnað saman og þau talin.**

**Fundi var fram haldið kl. 23.56. 161 atkvæði var greitt á fundinum en 89 atkvæði utankjörfundar.**

**Damian 45**

**Kjartan 36**

**Viktoría 129**

**Auður seðlar 4**

**Ógildir 36**

**Viktoría Jensdóttir hlaut besta kosningu í sæti varamanns.**

#### **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara**

Núverandi aðalmenn, Þorsteinn Þorbergsson og Marianna Gunnarsdóttir, hafa gefið áfram kost á sér og núverandi varamenn, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir, gefa áfram kost á sér. **Voru þau réttkjörin með lófataki.**

#### **9. Kosning siðanefndar**

Kristín Sveinbjörnsdóttir, Guðríður Valgeirsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir gefa áfram kost á sér sem aðalmenn. Hilmar Sigurgíslason og Kristín Fjóla Fanndal gefa kost á sér sem varamenn.

**Fundarstjóri lýsti eftir einhverjum framboðum til aðal- eða varamanna. Svo var ekki og voru frambjóðendur kjörnir með lófataki.**

#### **10. Önnur mál**

Heiðrun nýs heiðursfélaga HRFÍ, Guðríðar Þorbjargar Valgeirsdóttur

**Herdís Hallmarsdóttir** steig í pontu og lýsti því að félagsmaður í 39 ár, sat í stjórn í 18 ár. Ritari í 9 ár og varaformaður í 9 ár. Lagði ávallt áherslu á starf unglिंगadeildarinnar. Var fulltrúi HRFÍ hjá NKU og FCI. Guðríður var fyrsti fulltrúi HRFÍ í stjórn DÍF, aftur síðar. Gegnir hlutverki tengiliðar DÍF við stjórn í dag. Situr í stjórn ISIC. Vinnur ávallt sem hringstjóri á sýningum, hefur setið í siðanefnd síðastliðin þrjú ár.

Herdís kallaði á Guðríði í pontu og veitti henni gullmerki félagsins og loks færðu Þorsteinn og Auður Sif Guðríði málverk.

**Guðríður** tók til máls og þakkaði fyrir sig. Hún sagði að bestu vinirnir kæmu úr hundunum og að það væru forréttindi að vera heiðruð fyrir störf að áhugamálinu sínu.

Önnur mál - umræður:

1. Húsnæðismál

**Ragnar Sigurjónsson** steig í pontu og óskaði nýkjörinni stjórn og nýkjörnum heiðursfélaga til hamingju. Hann sagðist vilja tala um húsnæðismál félagsins. Húsnæðismál væru alltaf á dagskrá á aðalfundum. Honum fyndist að það ætti að selja eignina sem fyrst og kaupa skemmu í staðinn, fyrir skrifstofu, litlar sýningar og hundafimi.

2. Fræðslu- og kynningarmál

**Ragnar Sigurjónsson** steig aftur í pontu. Hann kvaðst hafa velt því fyrir sér hvort ekki þyrfti að vinna að meira eftirliti með hundahaldi. Fyrir ekki svo löngu hefði hundur ráðist á barn og ef eitthvað verra myndi gerast yrði það ekki aftur tekið. Kynningarefni yrði að halda á lofti og vinna að betri hundamenningu til að gæta að því að réttindi til hundahalds verði áframhaldandi.

**Guðríður Valgeirsdóttir** steig í pontu og lýsti því yfir að útgáfa á kynningarefninu Komdu Sámur hefði verið til mikilla bóta og hún lýsti sig viljuga til að starfa að frekari dreifingu.

**Sigrún Guðlaugardóttir** steig í pontu og kvaðst hafa séð um kynningar á hundum og fræðslu í leik- og grunnskólum í Mosfellsbæ. Þetta hefði gengið vel og bæklingur HRFÍ væri vinsæll sem lesefni í 6 ára bekk.

**Hildur María Sævarsdóttir** steig í pontu og benti á að það væri einnig mikilvægt að kynna hunda úti á landi og einnig væri mikilvægt að kynna betur sýningar t.d. á ferðaskrifstofum.

**Valborg Óðinsdóttir** var ekki mætt til að tala fyrir erindi sínu og var það því ekki rætt.

**Fundarstjóri** steig í pontu og lýsti því yfir að búið væri að tæma dagskrá undir Önnur mál.

**Herdís Hallmarsdóttir** formaður félagsins steig í pontu og þakkaði Brynju Tomer störf í stjórn síðastliðin fjögur ár. Hún óskaði einnig Daníel Erni og Pétri Alani til hamingju með kjörið og lýsti yfir ánægju með góða þátttöku og mikinn áhuga á stjórnarkjöri. Hún bauð Viktoríu Jensdóttur einnig velkomna í stjórn.

**Fundarstjóri sleit fundi kl. 00.23.**